

Bára ráðin gæðastjóri Nordlenska

Karl Karlsson fékk mjög spennandi starf hjá ESA í Brussel

Bára Heimisdóttir dýralæknir hefur verið ráðin gæðastjóri Norðlenska. Karl Karlsson, sem ráðinn var gæðastjóri fyrr á árinu, hefur fengið starf hjá ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, í Brussel.

Bára er menntuð í Noregi, útskrifaðist árið 1998 frá dýralæknaháskólanum í Osló og starfaði sjálfstætt sem dýralæknir ytra til 2005 að hún flutti



til Akureyrar og kom til starfa hjá Matvælastofnun. „Ég er bóndadóttir frá Grenivík; fæddur og uppalinn Eyfirðingur,“ segir Bára þegar spurt er um upprunann. „Gæðastjóri heldur utan um innra eftirlit, að gæðakerfi séu virk og að öllum opinberum kröfum varðandi öryggi matvæla sé framfylgt á öllum stigum,“ segir hún. Eiginmaður Báru er Óðinn Valsson og þau eiga tvo syni.

Reynir Eiríksson, framleiðslustjóri Norðlenska, segir nýstárlegt en mjög mikilvægt að fá dýralækni í starf gæðastjóra. „Með því erum við að stíga stórt skref, því starfsmaður með þá menntun hefur góðan skilning á þörfum bænda. Auk þess að þekkja vel til nýrrar matvælalöggjafar.“

Spennandi starf í Brussel

ESA hefur aðsetur í Belgíu en hlutverk stofnunarinnar er að tryggja að EFTA ríkin virði skuldbindingar sínar samkvæmt EES samningnum. Karl mun starfa á sviði sem sér um eftirlit með matvælaöryggi, heilbrigði og velferð dýra svo nokkuð sé nefnt. „Ég hef lengi haft augastað á þessu starfi, í framhaldi af því sem ég hef verið að sýsla við. Ég upplýsti Norðlenska um að þessi staða gæti komið upp áður en ég réð mig til fyrirtækisins og vistaskiptin eru unnin í samráði og sátt við forráðamenn fyrirtækisins.“

Fimm dýralæknar vinna á ESA-skrifstofunni og segir Karl starfið mjög spennandi. Aðalstarf hans verður að gera úttektir á framkvæmd reglna í EFTA-ríkjunum. Og hann kveður sáttur. „Mér finnst fyrirtækið í mjög góðu standi og tel það mjög heppið að fá Báru til liðs við sig.“



Bára Heimisdóttir, nýr gæðastjóri Norðlenska. Karl Karlsson til vinstri.

Verðlagning sauðfjár

Sala á innlendum kjötmarkaði hefur þróast jákvætt á síðustu 12 mánuðum. Heildar neysluaukning kjöts er um 2,8%, sem er um 670 tonn. Aukning á sölu kindakjöts er þó meiri en meðaltalið og var 4,3%, sem er um 275 tonn.

Því miður er ekki það sama að segja um stöðu á erlendum mörkuðum. Kreppan í Evrópu segir til sín í sölu á lambakjöti og hefur verð lækkað sem nemur um 30% í evrum talið. Auk þess hefur gengisþróun verið óhagstæð. Þess utan hefur verð á gærum einnig lækkað á helstu mörkuðum og má búast við að sú verðlækkun geti orðið 30-40%.

Hjá Norðlenska er unnið að verðlagningu fyrir haustið og er fyrirhugað að birta verðskrá strax eftir verslunarmannahelgina. Verð munu birtast á heimasíðu Norðlenska. Hafi bændur ekki aðgang að vefnum þá mun Svala í síma 460-8800, senda verðskrá til bænda sé þess óskað. Eins og alltaf mun Norðlenska greiða samkeppnishæft verð og því getur orðið breyting frá fyrstu verðskrá.

Hvattir til að skila sláturfjárlofordum snemma

Norðlenka leggur mikla áherslu á að bændur skili sláturfjárlofordum sem fyrst svo skipulag slátrunar verði eins gott og hugsast getur. Sláturhúsið á Húsavík verður orðið fullmannað miðvikudaginn 5. september, í viku 36, en einnig verður sláturað í viku 35 verði þess óskað. Slátrun á Höfn hefst þriðjudaginn 18. september. Ef óskir koma frá bændum um forslátrun, þá verður sláturað einn til tvo daga frá því um miðjan ágúst. Sigmundur Hreiðarsson Húsavík (840-8888) og Einar Karlsson, Höfn, (840-8870), taka við sláturfjárlofordum. Einnig Svala í síma 460-8800.

„Skiptir okkur miklu máli“

Ný matvælaölggjöf gekk í gildi í Evrópu árið 2006 og hefur nú verið innleidd að fullu á Íslandi. Þar með gildir sama löggjöf um framleiðslu matvæla í öllum ríkjum á Evrópska efnahags-svæðinu (EES). Löggjöfin fjallar um eftirlit og hollustuhætti í matvæla- og fódurframleiðslu og skapar grundvöll fyrir breytingar á fyrirkomulagi matvæla- og fódureftirlits hér á landi og hefur Norðlenka brugðist við breyttri löggjöf með talsverðum úrbótum í starfsstöðvum sínum. Allar starfsstöðvar Norðlenka hafa nú leyfi sem grundvallast á þessar löggjöf og hefur það í för með sér að allar vörur fyrirtækisins má nú selja innan EES svæðisins. „Þetta skiptir okkur miklu máli,“ segir Sigmundur Ófeigsson framkvæmdastjóri, því með þessu opnast ný tækifæri fyrir fyrirtækið.



Vel heppnaðir bændafundir

Norðlenka greiðir Búsæld 66 milljónir í arð á þessu ári

Rekstur Búsældar gekk vel á síðasta ári. Hagnaður félagsins 2011 var 275 milljónir kr. og eigið fé í árslok 2011 var 234 m.kr. Norðlenka greiddi Búsæld 66 milljónir í arð á þessu ári, sem nýttur verður til að lækka skuldir. Miðað við stöðu félagsins og áætlanir Norðlenka um rekstur á þessu ári, má reikna með að breytingar verði á hlutfjártilleggi félagsmanna til Búsældar um næstu áramót.

Fundir með bændum sem Búsæld og Norðlenka héldu í vor á norður- og austurlandi gengu vel og aðsókn var mjög góð. „Það var gott hljóð í bændum,“ sagði Óskar Gunnarsson bóndi í Dæli og formaður Búsældar, eftir ferðina.

Fulltrúar Búsældar og Norðlenka fóru víða. Fundað var í Sveinbjarnargerði við Eyjafjörð, Ýdolum í Aðaldal, Tunguseli í Skaftártungum, á Mánagerði á Nesjum, á Hótel Bláfelli á Breiðdalsvík, í Álfheimum á Borgarfirði Eystri og í Egilsstaðabænum á Egilsstöðum. Reynir Eiríksson, framleiðslustjóri Norðlenka, var ekki síður ánægður. „Þetta voru fínir fundir, umræður góðar og málefnalegar,“ segir Reynir.

Á síðasta ári var hafin vinna við stefnumótun félagsins undir



Fundur í Mánagarði. Frá vinstri, Ásthildur Gísladóttir, Fornustekkingum, Bjarni Sigjónsson, Fornustekkingum, Þorsteinn Sigfússon, Skálafelli, Sigurbjörn Karlsson, Smyrlabjörgum, Björn Björnsson, Hestgerði, Hermann Hansson, Höfn, Einar Karlsson, Höfn og Torfi Þ. Sigurðsson, Haga.

handleiðslu Hólmar Svanssonar ráðgjafa Capacent Gallup. Komin eru drög að stefnumótuninni og vinnuhópar starfa nú að lokafrágangi. Niðurstöður vinnunnar verða kynntar á bændafundum næsta vor.

Óskar segir mörg mál hafa komið upp við umrædda vinnu. Stjórn Búsældar vinni nú m.a. að því í samvinnu við endurskoðanda félagsins, að marka stefnu um útgreiðslu arðs, meta virði hlutfjár, og um það hvernig nýjir hluthafa komi að félaginu, ásamt nokkrum fleiri verkefnum sem tengjast vinnunni við stefnumótunina. Einnig er unnið

að því hvernig bæta megi upplýsingaflæði til félagsmanna, endurskoða form viðskiptasamninga félagsmanna við Norðlenka og skoða möguleika á að nýta samtakamátt félagsins, til sameiginlegra innkaupa eða til að afla afslátta á innkaupum á rekstrarvörum félagsmanna. Stjórn Búsældar hvetur hluthafa félagsins til að leggja afurðir sínar inn hjá Norðlenka. Það er hagur eigenda að ná sem mestu í gegnum sláturhús og vinnslur Norðlenka því það bætir enn frekar rekstur Norðlenka, sem mun í framtíðinni skila sér beint til félagsmanna Búsældar.